

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Af hundum í Sveitarfélaginu Árborg skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 127/2003, sbr. 2. gr. hennar.

2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

- | | |
|---|------------|
| A) Skráning | kr. 6.825 |
| B) Skráning eftir útrunninn frest, sbr. | |
| 1. mgr. 2. gr. samþykktar um hundahald | kr. 12.915 |
| C) Bráðabirgðaskráning | kr. 1.290 |

3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Fyrir hvern hund kr. 11.025

Ekki skal innheimta eftirlitsgjald sama ár og hundur er skráður.

4. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu og hundahreinsun er innifalin í gjaldi samkvæmt 2. gr.

A og 3. gr.

5. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

- | | |
|------------------------|------------|
| Fyrsta afhending hunds | kr. 9.030 |
| Önnur afhending hunds | kr. 12.915 |
| Þriðja afhending hunds | kr. 18.080 |

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningar-gjalds og annars áfallins kostnaðar.

6. gr.

Gjalddagi skv. 3. gr. er 20. febrúar og eindagi 20. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjald-daga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir lifa af árinu.

7. gr.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

Nr. 299

14. febrúar 2007

8. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, með síðri breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um hundahald í Sveitarfélagini Árborg nr. 127/2003, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hundahald í Sveitarfélagini Árborg nr. 90/2006.

Samþykkt í heilbrigðisnefnd Suðurlands 6. febrúar 2007 og í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar 14. febrúar 2007.

Bæjarstjórinn í Árborg, 14. febrúar 2007.

Ragnheiður Hergeirsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 4. apríl 2007